

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 61/2002**

**frá 31. maí 2002**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2002 frá 19. apríl 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 120/97 frá 20. janúar 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð (EB) nr. 120/97 hefur þau áhrif að bannað er að flytja tiltekinn úrgang til til annarra landa en þeirra sem ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) tekur til.
- 4) Slíkur útflutningur til Liechtensteins skal einnig vera heimilaður í samræmi við 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93.
- 5) Nauðsynlegt er að breyta aðlögunarliðunum við reglugerð (EBE) nr. 259/93 í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 22, 24.1.1997, bls. 14.

„- **397 R 0120**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 120/97 frá 20. janúar 1997 (Stjtið. EB L 22, 24.1.1997, bls. 14).“

*2. gr.*

Í stað aðlögunarliðanna í lið 32c í XX. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„a-liður 1. mgr. 16. gr. skal hljóða „landa sem OECD-ákvörðunin tekur til og til Liechtensteins;“.

Ísland og Noregur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar frá 1. janúar 1995.

Liechtenstein skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum 2., 40., 41. og 42. gr. reglugerðarinnar frá 1. júlí 1996.“

*3. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 120/97 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P.K. Mannes M. Brinkmann*